



# Öndunarfærasýkingar


## Vikur 15 og 16

10. -23.apríl 2023


Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

### Inflúensa


Tilfellum staðfestar inflúensu hefur farið fækkandi. Í viku 15 greindust 14 og í viku 16 greindust aðeins 6 einstaklingar. (Mynd 1). Öll tilfelli staðfestar inflúensu í vikum 15 og 16 voru af inflúensustofni B (Mynd 2). Í heild má sjá að inflúensufaraldurinn þennan vetur var þungur því faraldurinn byrjaði fyrr, náði hærri toppi en stóð jafnlengi yfir og að meðtali árin fyrir heimsfaraldur. Fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum hefur einnig fækkað mikið síðustu vikur. Fjöldi greininga í viku 15 var 15 en einungis tveir voru greindir með inflúensulík einkennum í viku 16 (Mynd 3).



Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur og í fyrra vetur samanborið við meðtali síðustu fimm flensutímabila þar á undan (frá hausti 2015). Athuga skal að veturinn 2020-2021 er ekki inni í meðaltali en þá greindist ekkert tilfelli af inflúensu.




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensutímabili.



Mynd 3. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkennum samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015-2022 að undanskildum vetrinum 2020-2021.

## COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


Fjöldi staðfesta COVID-19 greininga hefur farið fækkandi. Í viku 15 greindust 16 með staðfesta COVID-19 sýkingu og í viku 16 greindust átta. Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna hefur einnig lækkað verulega og var komið niður í 5% í viku 16 (Mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna veturinn 2022-2023.


## Skarlatssótt og hálsbólga

Fjöldi klínískra greininga á **skarlatssótt** (ein klínísk mynd grúppu A Streptókokka (GAS)) í vikum 15 og 16 var svipaður og í vikum 13 og 14. Um 30 tilfelli hafa verið að greinast vikulega undanfarnar fjórar vikur, sem er enn yfir fjölda greininga í meðalári (Mynd 5).



Mynd 5. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.

Klínískum greiningum á hálsbólgu fer fækkandi og nálgast nú meðalfjölda greininga undanfarin ár (Mynd 6).




Mynd 6. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.

## Aðrar öndunarfærasýkingar

Heildarfjöldi greindra öndunarfæraveira lækkar milli vikna. Í viku 15 greindust 30 með rhinoveiru, sem var fjölgun miðað við fjórar vikur þar á undan en fjöldi greininga rhinoveiru í viku 16 var 18. Rhinoveirur eru algengasta orsök kvefs (rhin þýðir nef) og einkenni eru oftast væg en rhinoveirur geta einnig valdið háls-særindum, eyrna- og skútábólgu en sjaldnar berkjubólgu eða lungnabólgu. Einungis greindust tveir með RSV í viku 15 og sami fjöldi í viku 16. Frekari upplýsingar má nálgast á [vef sýkla- og veirufæðeildar Landspítala](#).

## Innlagnir á Landspítala

Dregið hefur úr innlögnum á Landspítala vegna öndunarfærasýkinga. Í viku 16 lögðust þrír inn með/vegna COVID-19 en átta innlagnir voru í viku 15. Enginn var lagður inn vegna influensu í viku 16 en einn í viku 15. Einn lagðist inn vegna RSV í viku 16 sem og í viku 15 (Mynd 7).



Mynd 7. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, influensu og RSV.

## Samantekt

Öndunarfærasýkingar eru heilt yfir á niðurleið eins og búast má við á vorin. Einnig hefur dregið úr innlögnum á Landspítala vegna öndunarfærasýkinga. Faraldur öndunarveirasýkinga virðist genginn yfir að sinni. Stöku tilfelli af staðfestri inflúensu greinist og fjöldi COVID-19 greininga hefur fækkað mikið undanfarnar vikur. Skarlatssótt er enn vel yfir meðaltali undanfarinna ára þó fjöldi greininga hafi minnkað töluvert samanborið við fyrr í vetur. Klínískum greiningum á hálsbólgu fer fækkandi. Þetta verður því, að öllu óbreyttu, síðasta útgáfa samantektar um öndunarfærasýkingar á þessu „flensutímabili“. Við biðjum alla áfram að muna eftir og sinna persónulegum sóttvörnum og huga að bólusetningum þegar það á við.